

Mat þátttakenda á árangri Tækifærisins

Námskeið 2

Niðurstöður könnunar á ánægju og upplifun þátttakenda á öðru starfsþjálfunarnámskeiði Tækifærisins

Reykjavík, júní 2022

Formáli

Í þessari skýrslu eru niðurstöður á mati á árangri annars starfsþjálfunarnámskeiðs Tækifærisins. Námskeið Tækifærisins er ætlað ungum karlmönnum af erlendum uppruna sem hafa verið atvinnulausir í lengri tíma. Námskeiðið stóð frá 5. september til 21. október en eftir það hefur verið unnið með þátttakendum á einstaklingsgrundvelli. Fyrsti hluti námskeiðsins fór fram í Reykjavík tímabilið 5. – 27. september þar sem lögð var áhersla á margvíslega fræðslu um íslenskt samfélag og almenna uppbyggingu í hóp. Seinni hlutinn fór fram á Bifröst frá 28. september – 21. október þar sem verkleg starfsþjálfun fór fram ásamt fræðslu og margvíslegri uppbyggingu. Eftir það hefur verið unnið með hverjum einstaklingi í Reykjavík með áherslu á vinnutengingu.

Allir þátttakendurnir fimm sem luki námskeiðinu tóku þátt í matinu.

Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, dr., sá um framkvæmd matsins og ber faglega ábyrgð á því.

Samantekt: Heilt yfir eru þátttakendur ánægðir með Tækifærið og að jafnaði fá hvoru tveggja starfsþjálfunarnámskeiðið í heild sinni og einstakir þættir þess góða einkunn frá þeim. Enginn gaf Tækifærinu eða einstökum þáttum þess hlutlausa eða neikvæða einkunn. Þátttakendur eru ánægðir með starfsfólkið og telja það hafa verið mjög styðjandi. Almennt töldu þátttakendur hópurinn sem tók þátt í úrræðinu hafi verið hæfilega stóran og að lengd námskeiðsins og einstakra þátta þess hafi verið hæfilega löng. Talað er um að úrræðið hafi verið gagnlegt á „marga ólíka vegu“, að það hafi verið „gott að komast burt frá hversdeginum“ og að fá starfsþjálfun. Niðurstöður matsins varpa líka ljósi á þætti þar sem gera má betur. Matið bendir til að það þurfi að huga betur að vali á þátttakendum og að því að þeir sem boðin er þátttaka á námskeiðinu séu tilbúnir til að taka þátt í því starfi og þeirri vinnu sem það krefst. Annars sé hættu á að þeir sem ekki eru tilbúnir til að taka þátt spilli fyrir hinum. Niðurstaðan hljómar við niðurstöður úr mati á fyrsta námskeiði Tækifærisins um að væntingastjórnunin hefði mátt vera markvissari. Samanlagt benda niðurstöðurnar til að vanda þurfi val á þátttakendum í úrræðið og að gera þurfi þátttakendum ljóst hvaða skuldbindingar þeir eru að taka á sig áður en þeir byrja. Þá benda niðurstöðurnar til að það þurfi að huga betur að vinnuaðstæðum og vinnuumhverfi í starfsþjálfunarhluta námskeiðsins og tryggja að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur um vinnuvernd.

Aðferðir

Matið byggir á spurningalista sem rannsakandi og framkvæmdarstjóri Tækifærisins sömdu í sameiningu. Spurningarlistinn samanstendur af 14 spurningum, níu lokuðum og fimm opnum. Í lokuðum spurningum gátu svarendur valið um nokkra svarmöguleika en í þeim opnu voru þeir beðnir að svara með eigin orðalagi. Spurt var um mat þátttakenda á námskeiðinu í heild sinni sem og um mat þeirra á einstökum þáttum þess, þ.e. annars vegar á undirbúningsnámskeiðinu í Reykjavík og hins vegar á dvölinni og starfsþjálfuninni á Bifröst.

Allar spurningarnar eru frumsamdar og eiga sér því ekki fyrirmyndir í mati á öðrum úrræðum. Kosturinn við slíkar frumsamdar spurningar er að þær ná auðveldlega að fanga það fyrirbæri sem verið er að mæla en ókosturinn er sá að ekki er hægt að bera niðurstöðurnar saman við mælingar á árangri annarra sambærilegra úrræða (Fowler, 2009). Ástæðan fyrir því að matið byggir alfarið á frumsömdum spurningum er sú að rannsakanda er ekki kunnugt um að sambærilegt mat hafi farið fram á öðrum starfsþjálfunarúrræðum eða öðrum úrræðum sem hægt væri að bera Tækifærið saman við.

Allir þátttakendurnir fimm sem lauku námskeiðinu tóku þátt í námskeiðsmatinu. Þeir eru á aldrinum 26-30, allir karlkyns og af erlendu bergi brotnir. Enska er þeim öllum tamari en íslenska og spurningarlistinn því á ensku. Spurningarlistinn var sendur til þeirra í tölvupósti 20. október 2022 og höfðu öll svör borist fyrir lok þess mánaðar.

Við lestur niðurstaðnanna verður að hafa í huga að þær byggja á huglægu mati þátttakenda en ekki á hlutlægu mati sérfræðinga á árangri úrræðisins. Í öllu starfi með fólki og mati á þjónustu við það er æ meiri áhersla lögð á slíkt huglægt mat og um leið á að þjónustan sé í samræmi við þarfir og óskir skjólstæðinga/þátttakenda (Braun og Clark, 2013).

Í öllum lokuðu spurningunum var notast við fimmgildan kvarða þar sem 1 = lægsta gildi og 5 = hæsta gildi. Meðaltöl voru reiknuð út til að greina þau gögn þar sem 1,0 gefur lægsta mögulega gildi en 5,0 hæsta mögulega gildi (Fowler, 2009). Þemagreining var notuð til að greina svörin við opnu spurningunum (Braun og Clark, 2013).

Niðurstöður

Í niðurstöðukaflanum er fyrst fjallað um matið á undirbúningsnámskeiðinu í Reykjavík, þá um dvölinna á Bifröst og að lokum um mat á Tækifærinu almennt.

Undirbúningsnámskeiðið í Reykjavík

Undirbúningsnámskeiðið var metið með þremur spurningum: Heildstæðu mati á því; hvort lengd námskeiðsins hefði verið hæfileg; og með opininni spurningu um hvað þátttakendum líkaði og/eða mislíkaði við námskeiðið.

Þátttakendur voru beðnir um að meta undirbúningsnámskeiðið heilstætt á fimmgildum kvaðra:

- 1 = very poor,
- 2 = poor,
- 3 = neither good nor poor,
- 4 = good,
- 5 = very good.

Niðurstöður matsins eru birtar í töflu 1.

Tafla 1. Heildarmat á undirbúningsnámskeiðinu

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf undirbúningsnámskeiðs	5	4,0	4	3-5

Þátttakendur gáfu undirbúningsnámskeiðinu í Reykjavík 4,0 í meðaleinkunn af 5,0 mögulegum eins og tafla 1 sýnir. Uppreiknuð á skalann 1-10 er einkuninn 8,0 sem almennt flokkast sem fyrsta einkunn. Enginn þátttakenda taldi undirbúningsnámskeiðið hafa verið slæmt eða mjög slæmt og að jafnaði töldu þátttakendur undirbúningsnámskeiðið hafa verið gott.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu verið sáttir við lengd námskeiðsins í Reykjavík á kvarðanum:

- 1 = much too short,
- 2 = too short,
- 3 = about the right length,
- 4 = too long,
- 5 = much too long.

Niðurstöður má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Lengd undirbúningsnámskeiðsins

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Mat á lengd undirbúningsnámskeiðs	5	2,8	3	2-3

Tafla 2 sýnir að meðaltal svaranna við spurningunni um hvort lengd undirbúningsnámskeiðsins hafi verið hæfileg er 2,8. Með öðrum orðum þá tekja þátttakendur að jafnaði að námskeiðið hafi nokkurn veginn hæfilega langt og enginn taldi það hafa verið of stutt.

Þátttakendur voru spurðir í opinni spurningu hvað þeim hefði líkað og hvað þeim hefði mislíkað við undirbúningsnámskeiðið. Það er í samræmi við tölulega matið á undirbúningsnámskeiðinu að þátttakendur eru almennt ánægðir með námskeiðið. Nokkir hrósa því og segja námskeiði hafi verið „frábært“, viðkomandi hafi átt þar „góðar stundir“, „líkað við næstum allt“ eða að starfsfólkið hafi komið fram við þátttakendur með opnum huga. Einn þátttakandi tekur sérstaklega fram að ráðleggingar varðandi umgengi við áfengi og vímuefni hafi verið gagnlegar. Þátttakendur voru fámálir um hvað mætti gera betur á námskeiðinu í Reykjavík. Einn þátttakandi benti þó á að það hefði mátt fara á fleiri söfn. Þátttakendur hefðu ekki þurft að greiða fyrir aðgang að söfnum og það tækifæri hefði mátt nýta betur.

Dvölin og starfsþjálfunin á Bifröst

Dvölin og starfsþjálfunin á Bifröst voru metnar með fimm spurningum: Heildstæðu mati á starfsþjálfuninni; hvað þátttakendum líkaði og/eða mislíkaði við starfsþjálfunina; hvort lengd dvalarinnar hefði verið hæfileg; hvort skipulag annars vegar síðdegisnámskeiðanna og hins vegar líkamsræktarinnar/útvistarinnar hefði verið hæfilegt; og með opinni spurningu um hvað þátttakendum líkaði og/eða mislíkaði við Bifrastardvölinu.

Þátttakendur voru beðnir um að meta starfsþjálfunina sem boðið var upp á á Bifröst heilstætt á fimmgildum kvaðra:

- 1= very poor,
- 2 = poor,
- 3 = neiter good nor poor,
- 4 = good,
- 5 = very good.

Niðurstöður matsins eru birtar í töflu 3.

Tafla 3. Heildarmat á starfsþjálfuninni á Bifröst

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf á starfsþjálfun	5	4,0	4	3-5

Tafla 3 sýnir heildarmat þátttakenda á starfsþjálfuninni á Bifröst. Meðaleinkunn starfsþjálfunarinnar er sú sama og meðaleinkunn undirbúningsnámskeiðsins í Reykjavík, eða 4,0. Enginn þátttakandi taldi starfsþjálfunina hafa verið slæma eða mjög slæma og að jafnaði tölu þátttakendur dvölinu hafa verið góða.

Þátttakendur voru einnig beðnir að svara með eigin orðum hvað þeim líkaði og/eða líkaði ekki við starfsþjálfunina. Svörin eru samhljóða tölulega matinu um að í heildina hafi starfsþjálfunin verið góð. Talað er um að það hafi verið gott að fá þessa starfsreynslu og sjá hvernig byggja á hús og að það hafi verið gott að komast í burtu frá hversdeginum og hafa tíma til að hugsa um lífið og þæla í sjálfum sér.

Tveir þátttakenda komu hins vegar með athugasemdir um að þeim og öðrum þátttakendum hafi ekki verið útvegaðir öryggisskór þrátt fyrir að vinnuaðstæður krefðust slíks búnaðar. Einn nefndi líka að honum hefði ekki líkað að vinna úti í kulda. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980) eru skýr varðandi rétt starfsfólks til öruggs vinnuumhverfis og skyldur atvinnurekenda til að útvega starfsfólki nauðsynlegan öryggisbúnað. Þó hér hafi ekki verið um launaða vinnu að ræða má engu að síður ætla að gera eigi sömu kröfur til strafsþjálfunnarúrræða og til vinnustaða almennt hvað öryggismál starfsfólks varðar. Ábyrgðamenn Tækifærisins hljóta að taka þessar ábendingar alvarlega og gera viðeigandi ráðstafanir hvað varðar aðbúnað í starfsþjálfuninni í framtíðinni.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu verið sáttir við lengd dvalarinnar á Bifröst á kvarðanum:

- 1= much too short,
- 2 = too short,
- 3 = about the right length,
- 4 = too long,
- 5 = much too long.

Niðurstöður má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Lengd Bifrastardvalarinnar

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf á lengd Bifrastardvalar	5	2,8	3	2-3

Tafla 4 sýnir að meðaltal svaranna við spurningunni um hvort lengd dvalarinnar á Bifröst hafi verið hæfileg er 2,8. Með öðrum orðum þá telja þátttakendur að jafnaði að dvölin hafi verið nokkurn veginn passlega löng. Taflan sýnir einnig að enginn þátttakenda hefði viljað hafa dvölinu styttri eða mikið styttri.

Þá var spurt um hvort hæfilega mikið skipulag hefði verið á annars vegar síðdegisnámskeiðunum og hins vegar á líkamsræktinni/útvistinni á kvarðanum:

- 1= much less organised,
- 2 = less organised,
- 3 = neither more nor less organised,
- 4 = more organises,
- 5 = much more organised.

Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 5 og töflu 6.

Tafla 5. Var síðdegisnámskeiðið hæfilega skipulagt?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf á skipulagi síðdegisnámskeiðanna	4	3,3	3	3-4

Tafla 5 sýnir að einn þátttakenda svaraði ekki spurningunni um það hvort síðdegisnámskeiðin á Bifröst hafi verið hæfilega skipulögð. Taflan sýnir einnig að meðaltal svaranna sem bárust við spurningunni er 3,3. Að jafnaði töldu svarendur því að heldur meira skipulag hefði mátt vera á síðdegisnámskeiðunum. Enginn svaraði því til að námskeiðið ætti að vera mikið minna, eða minna skipulagt né að það hefði átt að vera mikið meira skipulagt.

Tafla 6. Var skipulag líkamsræktar/útvistar hæfilega skipulagt?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf á skipulagi líkamsræktar/útvistar	4	3,3	3	3-4

Tafla 6 sýnir að einn þátttakenda svaraði ekki spurningunni um það hvort skipulag líkamsræktar/útvistar á Bifröst hafi verið hæfilegt. Taflan sýnir einnig að meðaltal svaranna sem bárust við spurningunni er 3,3. Að jafnaði töldu svarendur því að heldur meira skipulag hefði mátt vera á líkamsræktinni/útvistinni. Enginn svaraði því til að starfssemin ætti að vera mikið minna, eða minna skipulögð né að hún hefði átt að vera mikið meira skipulögð.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að segja með eigin orðum hvað þeim líkaði og/eða mislíkaði við dvölinna á Bifröst. Svörin eru almennt jákvæð og svarendur segja meðal annars að þeim hafi „líkað allt við dvölinna“ að þeir hafi átt „æðislegar stundir“ og að dvölin hafi verið „kósí“. Tveir þátttakendanna eru ánægðir með að hafa haft aðgang að sundlaug og líkamsrækt og einn segir það hafa verið róandi að hafa komist út í náttúruna. Þá er hluta starfsfólkins hrósað og sagt að það hafi verið „æðislegt“.

Fáeinir ábendingar um hvað betur hefði mátt fara komu einnig fram. Einn segir að vinnustofan um hópefli og listræna tjáningu hafi verið „barnaleg“ (en útskýrir ekki nánar), annar að sér hafi stundum leiðst og sá þriðji bendir á að fasta starfsfólkið á Bifröst hafi ekki áttað sig á hvað þessi hópur var að gera þarna.

Heildarmat á Tækifærinu

Tækifærið í heild sinni var metið með fimm spurningum: Heildstæðu mati á úrræðinu; hversu styðjandi starfsfólkið hefði verið, hvort stærð hópsins sem tók þátt í námskeiðinu hafi verið hæfileg, hvað þátttakendum líkaði og/eða mislíkaði við Tækifærið; og að lokum hvort það væri eitthvað sem ekki hefði verið spurt um sem þeir vildu koma á framfæri.

Þátttakendur voru beðnir um að leggja heildarmat í Tækifærið á fimmgildum kvaðra:

- 1= very poor,
- 2 = poor,
- 3 = neiter good nor poor,
- 4 = good,
- 5 = very good.

Niðurstöður matsins eru birtar í töflu 7.

Tafla 7. Heildarmat á Tækifærinu

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf á Tækifærinu	5	4,4	4	4-5

Tafla 7 sýnir að þegar þátttakendur voru beðnir að meta Tækifærið heilstætt gáfu þeir því meðaleinkunnina 4,4 sem er nálægt því að vera ágætiseinkunn. Þrír af fimm þátttakendum starfsþjálfunarúrreðisins gáfu því hæstu einkunn og sögðu það vera mjög gott en tveir gáfu því næst hæstu einkunn og töldu úrræðið vera gott. Enginn gaf því hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Spurt var um hversu styðjandi starfsfólk Tækifærisins hefði verið á kvarðanum:

- 1 = not at all supportive,
- 2 = not so supportive,
- 3 = somewhat supportive,
- 4 = very supportive,
- 5 = extremely supportive.

Niðurstöðurnar birtast í tölfu 8.

Tafla 8. Hversu styðjandi var starfsfólk Tækifærisins?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf á stuðningi frá starfsfólki	5	4,2	4	4-5

Að meðaltali gáfu þátttakendur starfsfólki Tækifærisins einkunnina 4,2 af fimm mögulegum þegar þeir voru spurðir hversu styðjandi starfsfólkið hafi verið eins og tafla 8 sýnir. Með öðrum orðum þá eru þátttakendur ánægðir með starfsfólkið og telja það hafa verið mjög styðjandi. Athygli vekur að enginn þátttakenda gefur starfsfólkinu hlutlausa eða neikvæða einkunn fyrir það hversu styðjandi það var.

Einnig var spurt um hvort stærð hópins sem tók þátt í starfsþjálfuninni hafi verið hæfileg og notast við kvarðann:

- 1 = much too small,
- 2 = too small,
- 3 = the size was sufficient,
- 4 = too large,
- 5 = much too large.

Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9. Var stærð hópsins sem tók þátt í virkiúrræðinu hæfileg?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spön
Matsgjöf á stærð þátttökuhóps	5*	2,8	3	2-3

*Tveir svarenda merktu ekki við matskvarðann heldur svöruðu spurningunni með eigin orðum. Rannsakandi mat hvar þau féllu á kvarðanum.

Tafla 9 sýnir að meðaltal svaranna við því hvort stærð hópsins sem tók þátt í virkiúrræðinu hafi verið hæfileg er 2,8. Að jafnaði töldu þátttakendur því að hópurinn hafi nokkurn veginn passlega stór. Svör þeirra dreifast frá því að þeir telji hópinn hæfilega stóran upp í að hann hefði átt að vera nokkuð stærri. Engir töldu að hópurinn hefði átt að vera minni eða mikið minni né að hann hefði átt að vera mikið stærri. Niðurstöðurnar verður þó að taka með þeim fyrirvara að tveir svarenda merktu ekki inn á matskvaðan heldur svöruðu spurningunni með eigin orðum. Fyrir tölfræðilega úrvinnslu mat rannsakandi út frá þeim svörum hvar þau féllu á kvarðann. Báðir svarendanna bentu á að það færi eftir samsetningu hópsins, þá sérstaklega eftir því hvaðan þátttakendur væru upprunnir, hve stór hann gæti verið. Það er í samræmi við ábendingar sem fram koma í opnu spurningunni um hvað þátttakendum líkaði og mislíkaði við Tækifærið og fjallað er um hér að neðan.

Að lokum voru þátttakendur beðnir að segja með eigin orðum hvað þeim líkaði og/eða mislíkaði við Tækifærið og hvort það væri eitthvað sem þeir vildu koma á framfæri sem ekki hefði verið spurt um í könnuninni. Í heildina er svörin jákvæð og í samræmi við annað mat á úrræðinu sem nú þegar hefur verið fjallað um. Ánægja þátttakenda kemur vel í ljós í eftirfarandi ummælum:

Innlegar þakkir til ykkar allra sem studduð okkur.

Ekkert sem mér mislíkaði. Starfssemin byrjar vel, ég er mjög hrifinn af hugmyndafræðinni sem hún byggir á og tel að starfsemin eigi eftir að verða öflugri í framtíðinni.

Mér líkaði vel við Tækifærið vegna þess að ég lærði marga og ólíka hluti þar. Það var gagnlegt á marga ólíka vegu.

Ég var mjög ánægður með Tækifærið og tel það vera einstakt tækifæri fyrir fólk sem hefur misst vinnuna ... og miklu mun áhrifaríkara en Vinnumálastofnun.

Tvær ábendingar um hvað gera mætti betur koma fram í svörunum. Annars vegar ábending sem tengist svörunum um stærð hópsis, þ.e. að það þurfi að huga að því að blanda ekki þátttakendum með ólíkum uppruna saman. Þegar betur er að gáð þá snúast þær ábendingar í raun um að það þurfi að huga betur að vali á þátttakendum og að því að þeim sem er boðin þátttaka á námskeiðinu séu tilbúnir til að taka þátt í því starfi og þeirri vinnu sem það krefst. Sé það ekki gert sé hætta á að þeir sem ekki eru tilbúnir til að taka þátt spilli fyrir hinum sem hafa vilja og getu til að nýta námskeiðið sér til framdráttar. Hins vegar er bent á að það gæti verið gagnlegt að koma á hittingi nýrra og eldri Tækifærisþátttakenda og stuðla þannig að vináttu þeirra á milli. Eins gæti verið gagnlegt að fá eldri þátttakendur til að koma á námskeiðið og segja frá sinni reynslu.

Samantekt

Heilt yfir þá eru þátttakendur ánægðir með Tækifærið og að jafnaði fá hvoru tveggja starfsemin í heild sinni og einstakir þættir þess góða einkunn. Enginn gaf Tækifærinu eða einstökum þáttum þess hlutlausa eða neikvæða einkunn. Þátttakendur eru ánægðir með starfsfólkið og telja það hafa verið mjög styðjandi. Almenn töldu þátttakendur að hópurinn sem tók þátt í úrræðinu hafi verið hæfilega stór og að lengd námskeiðsins og einstakra þátta þess hafi verið hæfilega löng. Talað er um að úrræðið hafi verið gagnlegt á „marga ólíka vegu“, að það hafi verið „gott að komast burt frá hversdeginum“ og að fá starfsþjálfun. Niðurstöður matsins varpa líka ljósi á þætti þar sem gera má betur. Matið bendir þannig til að það þurfi að huga betur að vali á þátttakendum og að því að þeim sem er boðin þátttaka á námskeiðinu séu tilbúnir til að taka þátt í því starfi og þeirri vinnu sem það krefst. Annars sé hætta á að þeir sem ekki eru tilbúnir til að taka þátt spilli fyrir hinum. Niðurstaðan hljómar við niðurstöðu úr mati á fyrsta námskeiði Tækifærisins um að væntingastjórnunin hefði mátt vera markvissari. Samanlagt þá benda niðurstöðurnar úr mötunum tveimur til að það þurfi að standa betur að vali á þátttakendum á námskeiðið og að gera þurfi þeim ljóst hvaða skuldbundingar þeir eru að taka á sig áður en þeir byrja á námskeiðinu. Þá benda niðurstöðurnar til að það þurfi að huga betur að vinnuaðstæðum og vinnuumhverfi í starfsþjálfunarhluta námskeiðsins og tryggja að þessir þættir séu í samræmi við lög og reglur um vinnuvernd.

Heimildir:

Braun, V. og Clark, V. (2013). *Sussesful qualitative research, a practical guide for beginners*. London: Sage.

Fowler, J., Floyd J. (2009). *Survey Research Methods 4th Edition*. Los Angeles, London, New Delhi, Singapore, Washington DC: SAGE publications.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980, með síðari tíma breytingum).